

**S A M Þ Y K K T****um****43**  
16. apríl**stjórn bæjarmálefna í Neskaupstað, Norðfirði.****1. gr.**

Bæjarmálefnum kaupstaðarins skal stjórnað af föstum nefndum, sem bæjarstjórn kýs, á fyrsta fundi eftir reglulegar kosningar, og til þriggja ára.

Nefndir þessar eru:

1. Fjárhagsnefnd.
2. Fátækranefnd.
3. Rafveitunefnd.
4. Veganefnd.
5. Hafnarnefnd.
6. Sjúkrahúsnefnd.
7. Fasteignanefnd.
8. Fjallskilanefnd.
9. Byggingarnefnd.
10. Heilbrigðisnefnd.
11. Brunamálanefnd.
12. Vatnsveitunefnd.
13. Ellistyrktarsjóðsnefnd.
14. Skólanefnd.
15. Bókasafnsnefnd.

Ennfremur kýs bæjarstjórn 1 aðalmann og 1 varamann í skattanefnd, 1 mann til að semja verðlagsskrá og 2 endurskoðendur bæjarreikninganna.

Svo getur og bæjarstjórn skipað sérstakar nefndir til afgreiðslu málefna þegar henta þykir.

Allar ályktanir nefnda skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar.

**2. gr.**

Bæjarfógeti er sjálfkjörinn í allar fastar nefndir og er hann formaður þeirra.

**3. gr.**

Í fjárhagsnefnd skulu vera auk bæjarfógeta tveir bæjarfulltrúar.

Undir nefndina heyrir meðferð þeirra mála, er varða fjárhag bæjarins. Ber henni að hafa eftirlit með bókhaldi og fjárreiðum reikn-

**43** ingshaldara hafnar og bæjarsjóðs. Hefir nefndin jafnan aðgang að bók-  
16. apríl um bæjarins og sjóðum, og skal sjá um að þeir séu í góðri reglu.

**4. gr.**

Í fátækranefnd skulu vera auk bæjarfógeta, tveir bæjarfulltrúar.

Verði kosinn sérstakur fátækrafulltrúi, skal hann annast framkvæmdir fátækramálanna að fyrirlagi nefndarinnar. Skal hann mæta á fundum nefndarinnar en hefir þar ekki atkvæðisrétt.

Nefndin hefir stjórn allra fátækramála og umsjón með þurfa-  
lingum bæjarins.

**5. gr.**

Rafveitunefnd er skipuð tveim bæjarfulltrúum auk bæjarfógeta.

Nefndin hefir umsjón með rekstri stöðvarinnar, ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra samkv. reglugerð rafveitunnar.

**6. gr.**

Bæjarstjórnin kýs 2 menn úr sínum flokki í veganefnd auk bæjarfógeta.

Hefir nefndin á hendi alla umsjón og framkvæmdir á vegagerðum og annað er viðkemur viðhaldi vega, holræsum og götunum.

**7. gr.**

Í hafnarnefnd eiga sæti auk bæjarfógeta 4 menn er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum hópi og tvo utan bæjarstjórnar.

Nefndin hefir á hendi stjórn og framkvæmdir hafnarmálanna, eftirlit með höfninni samkv. lögum og hafnarreglugjörð kaupstaðarins.

**8. gr.**

Í sjúkrahúsnefnd skulu vera auk bæjarfógeta tveir bæjarfulltrúar. Héraðslæknir á einnig sæti í nefndinni, en hefir eigi atkvæðisrétt.

Nefndin hefir með höndum stjórn sjúkrahússins og rekstur, eftirlit með eignum þess, gerir tillögur um kaup áhalda og endurbætur.

**9. gr.**

Í fasteignarnefnd eru auk bæjarfógeta tveir bæjarfulltrúar.

Nefndin hefir með höndum umsjón á húseignum og jarðeignum um bæjarins.

**10. gr.**

Í fjallskilanefnd eru auk bæjarfógeta tveir menn. Hefir nefndin umsjón með löggöngum, réttum og nautahaldi samkv. fjallskilareglugjörð og sér um að framfylgt sé ákvæðum hennar.

## 11. gr.

43

Í byggingarnefnd eiga sæti auk bæjarfógeta, tveir bæjarfulltrú-16. apríl ar, og tveir byggingarfróðir menn utan bæjarstjórnar. Annar bæjarfulltrúinn og annar þeirra manna, sem eru kosnir utan bæjarstjórnar, ganga úr á hverjum þriggja ára fresti, fyrsta sinn eftir hlutkesti.

Nefndin stjórnar byggingarmálum bæjarins skv. byggingarsamþykktinni.

## 12. gr.

Heilbrigðisnefnd hefir framkvæmd sóttvarnarráðstafana og eftirlit með heilbrigðismálum bæjarins skv. heilbrigðissamþykktinni. Í henni eiga sæti bæjarfógeti, sem formaður, héraðslæknir og einn maður, sem bæjarstjórn kýs.

## 13. gr.

Í brunamálanefnd eiga sæti auk bæjarfógeta, slökkviliðsstjóri og þrír bæjarfulltrúar.

Hefir hún umsjón með slökkvitækjum bæjarins og sér um að þeim sé vel við haldið og ný keypt, eftir því sem þurfa þykir.

Nefndin lítur eftir, að fylgt verði reglugjörð og fyrirmælum um brunamál og slökkvilið bæjarins.

## 14. gr.

Í vatnsveitunefnd eru auk bæjarfógeta, tveir bæjarfulltrúar. Hefir hún umsjón með vatnsveitu og vatnsbólum bæjarins.

## 15. gr.

Ellistyrktarsjóðsnefnd er skipuð tveim bæjarfulltrúum auk bæjarfógeta. Hún semur árlega skrá yfir gjaldskylda menn til ellistyrktarsjóðs.

## 16. gr.

Í skólanefnd kýs bæjarstjórn fjóra menn. Hefir hún á hendi umsjón með barnafræðslu og menntamálum kaupstaðarins.

## 17. gr.

Í bókasafnsnefnd eru, auk bæjarfógeta, tveir menn, er bæjarstjórn kýs. Hefir nefndin stjórn og umsjón bókasafnsins eftir reglugerð þess.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupþúns hefir samið og samþykkt staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 48, 7. maí 1928 um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1929.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Páll Pálmason.*